



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2021

2101007SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. um brottfall á ýmsum lögum á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, mál nr. 272/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 17. desember sl. þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Ekki er tilefni til athugasemda við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Þau lög sem snúa að sveitarfélögum eru öll um veitingu kaupstaðarréttinda eða stjórnun sveitarfélaga. Þar sem í gildi eru sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 eiga þessi sérlög ekki lengur við og felst í raun engin breyting í afnámi þeirra 22 laga sem um ræðir.

Tilefni er hins vegar til að kalla eftir heildstæðari lagahreinsun innan stjórnarráðsins sem gæti snúið að því að því að aflétta af sveitarfélögum íþyngjandi skyldum. Slík vinna verður að teljast mjög brýn í ljósi erfiðra rekstrarskilyrða sveitarfélaga nú um stundir.

Í þessu samhengi kallar sambandið sérstaklega eftir ákvörðun um afnám laga um húsmæðraorlof, nr. 53/1972, og laga um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970. Með vísan til 14. liðar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál er einnig tilefni til að skoða einstök ákvæði annarra laga, s.s. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Í umræddum lögum er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að afhenda lóðir án endurgjalds til starfsemi á vegum ríkisins.

Sambandið er meðvitað um að þau lög sem vísað er til í þessari umsögn eru á forræði annarra ráðuneyta en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Ekki er ljóst hvort von er á sambærilegum bandormsfrumvörpum frá öðrum ráðuneytum en sambandið beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins að það hafi forgöngu um heildstæðari lagahreinsun sem sérstaklega beinist að sveitarstjórnarstigi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri